

---

## Minnisblað

Dagsetning: 7. september 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingu á 14 daga sóttkví hjá COVID-19 útsettum einstaklingum.**

---

Frá upphafi COVID-19 faraldursins hefur útsettum einstaklingum verið gert að fara í 14 daga sóttkví skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis.

Við athugun á tímalínu sjúkdómseinkenna hjá einstaklingum sem smitast hafa af COVID-19 hér á landi, kemur í ljós a.m.k. helmingur þeirra sem smitast fá einkenni 5-6 dögum eftir smit og flestir fá einkenni innan 9-10 daga. Samkvæmt erlendum rannsóknum þá greinist veiran í nefkoki smitaðra einstaklinga 2-3 dögum fyrir upphaf einkenna.

Það væri því mikill ávinningur ef hægt væri að stytta sóttkví hjá einstaklingum sem sannarlega hefðu ekki smitast af COVID-19 og því legg ég til eftirfarandi:

- Útsettum einstaklingum fyrir COVID-19 verði gert að fara í sóttkví skv. fyrirliggjandi leiðbeiningum sóttvarnalæknis.
- Eftir sjö daga geti einstaklingar í sóttkví farið í PCR skimun gegn veirunni og ef engin ummerki eru um veiruna þá losni þeir úr sóttkvínni. Næstu sjö dagana þurfi þessir einstaklingar að gæta vel að sínum sóttvörnum og forðast samneyti við viðkvæma einstaklinga.
- Sýnataka verði einstaklingum að kostnaðarlausu.